

Kennsluáætlun – haust 2021

Umhverfis- og náttúrumennt: 2. bekkur.
Kennari: Sigríður Guðmundsdóttir (Systa)

Námshæfni

Námshæfni er [...] undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt. (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 26). Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar eins og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar.

Lykilhæfni

Nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutvert skólakerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 24).

Tjáning og miðlun

Nemendur taka virkan þátt í umræðum og hlusta á aðra af athygli. Þeir æfast í að tala fyrir framan hóp, segja frá afmörkuðu viðfangsefni og færa rök fyrir máli sínu.

Skapandi og gagnrýn hugsun

Nemendur sýna frumkvæði og vinna á skapandi hátt að lausn verkefna.

Sjálfstæði og samvinna

Nemendur æfast í að vinna með öðrum og fara eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum.

Nýting miðla og upplýsinga

Nemendur afla sér upplýsinga munnlega (biðja um aðstoð) og í texta og miðla upplýsingum til annarra.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Nemendur fara eftir fyrirmælum, eru einbeittir í verkefnavinnu, nýta tíma sinn vel og passa upp á eigin sínar.

Lokanámsmat:

Námsmat þarf að fara fram jafn og þétt á námstímanum, vera fjölbreytt og endurspeгла áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat þarf að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum og aðlagað að sérþörfum nemenda í hópnum. Því þurfa allir þættir námsins að liggja til grundvallar námsmati; þekking, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 55 - 57).

Tímabil	Efnisþættir - inntak	Námsgögn	Námsmat
13.9 – 1.10 (3 vikur)	<p>Náttúra Íslands</p> <ul style="list-style-type: none"> nemandi lærir um hvali nemandi lærir að atferli dýra þjónar ákveðnum tilgangi t.d. ferðalög milli landa eftir árstíðum nemandi kynnist mismunandi hegðun og atferli dýra sem skiptir máli í lífi þeirra sem getur haft úrslitaáhrif á velferð þeirra nemandi flokkar úrgang og skilur mikilvægi þess nemandi lærir að endurnýta ýmsar afurðir <ul style="list-style-type: none"> t.d. í pappamassa (hvalagerð) <p>Samþætting námsgreina</p> <ul style="list-style-type: none"> íslenska; bókin Hvalir 	Bókin Hvalir Ljósritað efni	Leiðsagnarmat: kennari fylgist með og metur hæfni nemenda til að tjá sig, hlusta á talað mál og taka þátt sem áhorfandi
4.10 – 29.10 (4 vikur – skipulagsdagur 4.10,	<p>Lífsskilyrði manna</p> <ul style="list-style-type: none"> nemandi lærir um mikilvægi þess að útbúa sig í samræmi við veður og árstíma nemandi kynnist hitamæli og að lesa af honum 	Ljósritað efni	Leiðsagnarmat: kennari fylgist með og metur hæfni nemenda til að tjá

foreldradagur 15.10 og vetrafri 22.10 - 26.10)	<ul style="list-style-type: none"> nemandi kynnist hugtökum yfir veður 		sig, hlusta á talað mál og taka þátt sem áhorfandi
1.11 – 19.11 (3 vikur)	<p>Náttúra Íslands</p> <ul style="list-style-type: none"> Nemandi lærir um köngulær nemandi lærir að atferli dýra þjónar ákveðnum tilgangi nemandi kynnist mismunandi hegðun og atferli dýra sem skiptir máli í lífi þeirra sem getur haft úrslitaáhrif á velferð þeirra <p>Samþætting málsgreina Íslenska; bókin Köngulær lesin</p>	bókin Köngulær	Leiðsagnarmat: kennari fylgist með og metur hæfni nemenda til að tjá sig, hlusta á talað mál og taka þátt sem áhorfandi
22.11 – 17.12 (4 vikur)	<p>Að búa á jörðinni</p> <ul style="list-style-type: none"> nemandi framkvæmir ýmsar tilraunir einstaklingslega og í hóp nemandi skoðar form hluta, flokkar, mælir og ræðir eiginleika og notagildi 	Ljósritað efni	Leiðsagnarmat: kennari fylgist með og metur hæfni nemenda til að tjá sig, hlusta á talað mál og taka þátt sem áhorfandi